

Mánudaginn 28. okt. 1929.

Nr. 63/1929.

**Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn

**J. A. Juul** (Lárus Jóhannesson).

Olögleyfð útlát lyfjaáfengis.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 2. maí 1929: Ákærði, J. A. Juul, greiði 700 króna sekt til rikissjóðs, eða sæti 35 daga einföldu fangelsi verði sektin ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins. — Svo greiði ákærði og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögreglu-regluréttardómi, er það sannað með eigin játningu kærða og öðrum gögnum, að kærði hefir látið úti í lyfjabúð sinni áfengi gegn lyfseðlum, sem ekki voru ritaðir á hin sérstöku eyðublöð, sem fyrir eru skipuð í 5. gr. reglugjörðar nr. 59, 1. júlí 1925, og að hann hefir alloft látið úti áfengi, án þess lyfseðill frá lækni hafi samtímis verið afhentur; hefir þetta verið gjört ýmist eftir beiðni héraðslæknis fyrirfram í síma og gegn loforði um að senda lyfseðil síðar, eða ástundum að fengnu samþykki læknisins í síma, er einstakir menn hafa komið í lyfjabúðina, til að fá áfengi, án þess að hafa lyfseðil í höndum, og heldur kærði því fram, að tilætlunin hafi verið að lyfseðill yrði síðar sendur fyrir áfenginu.

Með þessu hefir kærði eins og fram er tekið í dómn-um gjörzt brotlegur gegn 6. málsg. 14. gr. í lögum nr. 15, 8. júní 1925, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 400 kr. sekt í rikissjóð, og komi 25 daga einfalt

fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Málkostnaðarákvæði lögregluréttardómsins samþykkjast. Svo ber kærða og að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, J. A. Juul, greiði 400 kr. sekt í ríkisjóð, er aflánist með 25 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins, höfðað af valdstjórninni gegn J. A. Juul, lyfsala á Seyðisfirði, fyrir óleyfileg áfengisútlát.

Með eigin játningu ákærða, samanber réttarhald í málinu 10. júlí 1928, sem styðst við önnur gögn í málinu, er sannað, að áfengi hefir verið látið úti í lyfjabúð hans á Seyðisfirði gegn lyfseðlum, sem ekki voru ritaðir á hin sérstöku tölu-settu eyðublöð, sem fyrirskipuð eru í 5. gr. reglugjörðar 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga; og að áfengi hefir verið látið þar úti eftir beiðni héraðslæknis í sima, og loforði hans um að afhenda síðan lyfseðil á áfengið. — Hefir þetta viðgengizt í lyfjabúðinni að minnsta kosti til loka september 1927,

og að því er virðist, alloft átt sér stað, og visast í því efni sérstaklega til framburðar afgreiðslumannsins í lyfjabúðinni.

Með þessu hefir ákærði gjörzt brotlegur gegn 6. málsgrein 14. greinar laga nr. 15, 8. júlí 1925, um aðflutningsbann á áfengi, og ákveðst refsing ákærða sjö hundruð króna sekt til rikissjóðs, er aflánist með þrjátíu og fimm daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa. — Svo greiði ákærði og allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar af gildum ástæðum að álitni dómarsins, sem tilgreindar eru í réttarhaldi í málinu 1. maí 1929.

---

Miðvikudaginn 30. okt. 1929.

Nr. 50/1929.

**Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)  
gegn

**Ivar Mykleburst** (Lárus Fjeldsted).

Brot á fiskiveiðalöggjöfinni.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 28. maí 1929: Kærður, Ivar Mykleburst, greiði 500 króna sekt í rikissjóð innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ellæ í hennar stað einföldu fangelsi í 40 daga.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfryjaða dómi og ekkert verulegt þykir athugavert við, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að vararefsingin verði 30 daga einfalt fangelsi og greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfryjunarkostnað, m. a. laun sóknara og verjanda í hæstarétti, sem ákveðin eru 60 kr., hvor um sig.